Hátíðar Mótaröðin

Keppnin er unisex í öllum aldursflokkum og bogaflokkum, 60 örvar og búið. Einfalt, fljótlegt og gaman.

Mæting, skráning og greiðsla á mótið er í Bogfimisetrinu milli klukkan 14:00 og 14:45 þar sem kostar ekkert að taka þátt. Mótið sjálft byrjar svo kl 15:00 með 3 upphitunar umferðum. Semsagt þú mætir bara á staðinn ef þig langar að keppa og skráir þig á staðnum á mótið.

Tilgangurinn með mótunum er aðallega að vera með reglubundin mót sem fólk getur tekið þátt í og reynt að bæta sinn persónulega árangur. Og bara til að vera með, hittast og hafa gaman á meðan maður er að skjóta. Mótið er samstarfsverkefni Bogfimisetursins, BFSÍ og BF Bogans. En allir í öllum aðildarfélögum BFSÍ geta tekið þátt.

Keppendum er frjálst að koma með eitthvað bakað og deila með öðrum keppendum ef þeir vilja eða eitthvað svipað og gera mótið að skemmtilegum hittingi fólks líka (áhorfendur sem eru ekki að keppa líka velkomnir að hanga með okkur).

Upplýsingar um bogaflokka, fjarlægðir og skífustærðir:

Sveigbogi, trissubogi og berbogi:
Áhugamenn/Byrjendur: 12 metrar á 60cm skífu
Meistaraflokkur: 18 metrar á 40cm skífu
50+: 18 metrar á 40cm skífu
U21: 18 metrar á 40cm skífu
U18: 18 metrar á 60cm skífu
U16: 12 metrar á 60cm skífu
Langbogi:
Allir aldursflokkar: 12 metrar á 60cm skífu

Mótin verða einnig Íslandsmetahæf.